

# Nemendur uppgötvi hæfileika sína

Finninn Pasi Sahlberg frá Harvard-háskóla er einn þriggja fyrirlesara á ráðstefnu um starfsþróun kennara sem er haldin í Reykjavík. Hann vill að Finnar leggi meiri áherslu á að virkja hæfileika hvers nemanda fyrir sig og hvetur íslensk stjórnvöld til að gera slíkt hið sama.

**MENNTUN** Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á þessu ári. Af því tilefni hófst í gær á Hilton Nordica Hóтели tveggja daga ráðstefna um starfsþróun kennara frá leikskóla til háskóla.

Einn þriggja aðalfyrirlesaranna, Pasi Sahlberg, skólamaður frá Harvard-háskóla, stígur í pontu í dag. Hann er höfundur bókarinnar Finnish Lessons, sem hefur notið vinsælda bæði hjá stjórnáráðgjöfnum og fólki innan skólakerfisins.

Námsárangur finnskra skólubarna hefur vakið athygli og hafa alþjóðlegar mælingar sýnt fram á að menntakerfið þar í landi virki vel. „Nemendur hafa staðið sig vel á mörgum sviðum og kennurum líður almennt mjög vel í starfi sínu,“ segir Sahlberg. „Margir halda að Finnland sé einhver kraftaverkastaður og það er að vissu leyti rétt en við glímum samt við okkar vandamál.“

## Valdið er mikilvægt

Niðurstöður alþjóðlegrar PISA-rannsóknar sýndu í fyrra að Ísland og Svíþjóð voru með lakasta árangur allra Norðurlandanna og að íslenskum nemendum hefði farið aftur í stærðfræðikunnáttu, leskilningi og náttúrulæsi. Spurður hvort hann telji að kennsluáferðunum sé um að kenna segir Sahlberg að þær eigi vafalítið einhvern þátt í niðurstöðunum. Frekar eigi samt að horfa til skipulagsins innan skólanna.

„Finnsku kennsluáferðirnar eru

„Robin Williams, sem lést fyrr í vikunni, lék aðalhlutverkið í Dead Poets Society, sem er ein besta mynd sem gerð hefur verið um kennslu. Þar sagði hann að það mikilvægasta í námi væri að læra að hugsa sjálfstætt

*Pasi Sahlberg  
skólamaður*

ekkert endilega árangursríkari en til dæmis í Svíþjóð og á Íslandi. Ég held að það sem er frábrugðið sé að við höfum enn þá stefnu í finnsku skólunum að skólastjórnir hafa vald yfir kennurunum og geta skipað þeim að gera eitthvað ef þeim sýnist svo. Í skólastofunum gegna kennararnir sama hlutverki. Það er lítið á kennarana sem leiðtoga sem hafa vald til að segja hvernig hlutirnir eiga að vera,“ greinir Sahlberg frá. „Í sumum löndum innan Skandinavíu sem ég hef heimsótt segjast skólastjórnir ekki hafa þetta vald. Þeir geta ekki farið til kennaranna og sagt þeim hvað þeir eiga að gera og í mörgum löndum geta kennararnir ekki sýnt vald sitt yfir nemendunum af því að það er ekkert hlustað á þá.“

## Parf fólk sem hugsar öðru vísi

Hvað ætli sé það mikilvægasta þegar kemur að menntun í dag?



**PASI SAHLBERG** Finninn heldur fyrirlestur á Hilton Nordica Hóтели í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er að skilja hvert markmið menntunar er. Robin Williams, sem lést fyrr í vikunni, lék aðalhlutverkið í Dead Poets Society, sem er ein besta mynd sem gerð hefur verið um kennslu. Þar sagði hann að það mikilvægasta í námi væri að læra að hugsa sjálfstætt,“ segir hann. „Maður heyrir svo víða að vegna alþjóðlegrar samkeppni og fleira þurfi að mennta alla eins. Þetta er röng aðferð að mínu mati. Ég tel

að megintilgangur kennslu sé að mennta alla þannig að þeir verði öðru vísi en náunginn við hliðina. Í Finnlandi hef ég talað fyrir því að við fylgjum ekki þessum alþjóðlega straumi. Við þurfum að virkja þessa mismunandi hæfileika sem fólk hefur í stað þess að steypa alla í sama mót. Lítil lönd eins og Finnland, Ísland og hin Norðurlöndin þurfa á fólki að halda sem hugsar öðru vísi,“ bætir hann við.

„Mér finnst að í kennslu eigi að hjálpa nemendum að uppgötva eigin hæfileika, eigin sköpunargáfu og eigin ástríðu. Við þurfum á því að halda að fleiri nemendur sem ljúka við skóla viti í hverju þeir eru góðir og geti notað það til að breyta lífi sínu og þjóð sinni. Í stað þess að menn metist um hvor sé betri í vísindum vil ég hjálpa öllum að vera eins og þeir vilja vera í raun og veru.“

freyr@frettabladid.is